

## Tónlist og söngur

Á öllum deildum er söngur og tónlist stór þáttur af starfinu. Allar deildir eru með samverustundir, þar sem söngur og sögulestur er í aðalhlutverki. Á yngri deildunum er aðallega verið með einfalda söngva sem sungnir eru með lýsandi hreyfingum en eftir því sem þroskinn færir yfir eru textarnir flóknari. Leikskólinn er þátttakandi í verkefninu Söngvaflóð sem er samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Akureyri og leikskóla bæjarins fyrir tvo elstu árganga skólanna. Börnin læra lög og texta og hittast saman í söngsal einu sinni í viku og syngja saman undir stjórn kennara frá tónlistarskólanum. Í lok árs koma leikskólarnir saman í Hofi og halda söngsal fyrir gesti og gangandi.